

Stjórnarfundur TSÍ þann 16.03 2010 kl 17:00 – 18:40
Mætt voru Andri, Gunnar, Helgi, Ingólfur, Jónas, Rakel og Skjöldur

1) Íslandsmót innan- og utanhúss, tímasetningar o.fl.

Íslandsmót innanhúss verður haldið 27.-31.mars 2010. Búið er að auglýsa mótið og setja upp skráningarform. Andri og Leifur eru mótstjórar.

Ákveðið var að hafa Íslandsmót utanhúss 4.-8. ágúst 2010.

Mótanefnd hefur sett upp mótaáætlun fyrir sumarið og mun senda á vefstjóra.

2) Evrópumótin á Íslandi í sumar

Komin er dagsetning á Evrópumót unglunga sem verða haldin á Íslandi í sumar.

- Kópavogur Open verður 29.maí – 6.júní 2010 fyrir 14 ára og yngri og mun Jónas sjá um það mót.
- Icelandic Coca Cola Open verður 5.-13. júní 2010 fyrir 16 ára og yngri og mun Raj sjá um það mót.

3) Staðan á Davis og Fed Cup. Val liðanna, panta flug, búningar o.fl.

Búið er að velja kvennalandsliðið og það samanstendur af: Irísi, Sigurlaug, Eirdísi og Söndru Dís. Sigurlaug verður farar- og liðstjóri liðsins og mun halda utan um skipulagningu ferðarinnar í samstarfi við Jónas og landsliðsnefnd. Búið er að panta flug fyrir Fed Cup og kostaði miðinn 175.00 kr/mann. Ekki var vitað hvort var búið að panta fyrir Irísi þar sem hún fer beint frá Frankfurt. Fed Cup styrkir 80% af flugkostnaði og því er flugið ca 35.000 kr/mann. Flogið verður 16.apríl til Egyptalands og heimkoma 25.apríl. Áætlaður heildarkostnaður TSÍ við Fed Cup er gróflega áætlaður 465.000 kr (flug 140.000, hótél+morgunmatur 277.000, hádegis-og kvöldmatur 50.000). Carola er búin að redda búningum fyrir kvennalandsliðið. Actavis og Henson styrkja stelpurnar að fullu og verða þær í Henson búningum.

Stjórnin var einhuga um val karlalandsliðsins og samanstendur það af: Raj, Andra, Birki og Leif. Ekki er búið að skipa fararstjóra liðsins en verður hann fundinn á næstu dögum og beðinn um að panta flug eins fljótt og mögulegt er. Kostnaður við Davis Cup er flug fram og tilbaka til Grikklands. Hótél og matur er styrktur af ITF. Andri mun reyna að tala við Henson, jafnvel Puma og Adidas og reyna að redda búningum fyrir karlalandsliðið. Stjórnin samþykkti af ef þess þyrfti þá myndi TSÍ styrkja karlalandsliðið um búning fyrir ca 5000 kr/búning.

Ákveðið var að sjá hvað Fed Cup og Davis Cup munu kosta áður en leikmenn verða rukkaðir um 30.000 kr/mann. Ef kostnaður er innan fjárhagsáætlunar þá mun verða reynt að fella niður kostnað leikmanna. Ef leikmenn verða rukkaðir verður það 2 mánuði eftir heimkomu.

Ákveðið var að á næsta ári verður haldið Meistaramót Íslands í tennis þar sem að bestu keppendur í karla- og kvennaflokki munu taka þátt. Hugmyndin er að sumir keppa þá í forkeppnina og aðrir fara beint í aðalkeppnina. Þetta mót mun raða mönnum í kvenna- og karlalandslið og vera eins konar úrtökumót fyrir Davis og Fed Cup. Meistaramótið verður haldið 02.01-06.01. 2011. Nánari útfærsla á mótinu verður ákveðið eftir ársþing TSÍ þegar ný stjórn hefur verið kosin. En tilkynning um mótið verður sent út á heimasíðu TSÍ mjög fljótlega

Andri nefndi að San Marínó hefði alltaf haft mikinn áhuga á samstarfi við Ísland með sýningarleiki, mót o.s.frv.

Gunnar lýsti yfir áhyggjum sínum með að leikmenn upp úr 18 ára eiga hvergi heima og flosni upp úr íþróttinni en það væri efni í annan fund. Andri sagði að svo hefði alltaf verið og að menn þyrftu bara að sjá um sig sjálfir þegar þeir eru orðnir þetta gamlir þar sem íþróttin er svo lítil á Íslandi.

4) ITN Styrkleikalisti TSÍ

Talað var um að ITN listinn væri ófullkominn og væri ekki að raða rétt. Leikmenn þyrftu að vinna 10 leiki til að hreyfast á listanum. Hafa þyrfti færri level þannig að ekki þurfi að vinna jafn marga leiki til að komast upp eða niður á listanum. Menn vildu fækka leikjunum niður í 5 leiki. Helgi mun tala við Raj og ganga frá málinu með honum. Helgi fær fullt umboð til að semja um greiðslu við Raj þá hvort honum verði greitt mánaðarlega eða þrisvar sinnum yfir árið. Um leið og búið er að ganga frá málum við Raj mun hann vera beðinn um að senda vefstjóra uppfærðan lista.

5) Ársþing, framboðslisti TSÍ, framboð Raj til formanns, niðurröðun verkefna fyrir ársskýrsluna.

Ársþingið verður 20.apríl n.k. og er Skjöldur búin að senda allar tilkynningar út sem þarf.

Niðurröðun verkefna fyrir ársþingið var sett niður og er eftirfarandi:

- Skýrsla stjórnar - Skjöldur
- Greinargerð um Fed Cup – Iris (erum komin með)
- Greinargerð um Davis Cup – Arnar (erum komin með)
- Greinargerð um Smáþjóðaleikana – Arnar (Rakel talar við hann)
- Kópavogur Open – Jónas
- Icelandic Coca Cola Open - Raj (Helgi talar við hann)
- Þjálfaraferð til Hollands – Raj (Helgi talar við hann)
- Almenn mótaárið – Ingólfur fyrir hönd mótanefndar
- Útbreiðslu- og þjálfaranefnd – Jónas
- Bókhalld (gjaldkeri) – Ingólfur (lýsti yfir áhyggjum af umfangi ársreikningsins og þeim peningum sem hafði verið úthlutað í það)
- Landsliðsnefnd – Gunnar
- Dómaranefnd – Yousef (Ingólfur talar við hann)

- Kynningarstjóri – Ingólfur

Öllum greinum skal senda til Skjaldar sem tekur þetta saman í ársskýrsluna.

Formannssæti er laust á næsta ársþingi og hefur Raj tilkynnt um að hann ætli að bjóða sig fram. Sæti Ingólfs og Rakelar er laust í stjórninni. Sæti Hafsteins og Gunnars er ekki laust fyrir en á næsta ári.

6) Tillaga Raj um lagabreytingu 3. greinar. Þessa tillögu þarf að senda sambandsaðilum fyrir 6. apríl.

Raj sendi tillögu um eftirfarandi breytingu á 3. grein:

"3. gr. Hlutverk TSÍ er í meginatriðum: Að hafa yfirumsjón allra íslenskra tennismála. Að vinna að stofnun nýrra tennisdeilda í samráði við hlutaðeigandi héraðssamband eða íþróttabandalag og efla á annan hátt tennis í landinu. Að vera fulltrúi í [Alþjóðatennissambandsins \(ITF\)](#) og [Tennissamband Evrópu \(Tennis Europe\)](#) ~~íþróttarinnar gagnvart útlöndum~~ og sjá um að reglur varðandi tennis séu í samræmi við alþjóðareglur. Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara og ráðstafa landsmótum. Með hæfilegum fyrirvara skal TSÍ tilkynna framkvæmdastjórn ÍSÍ áætlanir sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd."

Skjöldur mun senda sambandsaðilum þessa tilkynningu fyrir 6. apríl. Stjórnin ræddi um þessa breytingu og var sammála um að vilja vera aðili að þessum samböndum en með þessari lagabreytingu myndi það gera TSÍ erfiðara fyrir að reyna að lækka árgjöldin og binda hendur TSÍ. En það lítur allt út fyrir að TSÍ sleppi við að borga árgjald til ITF fyrir árið 2009 en það verður erfiðara að biðja um svleiðis ef þetta kemst í lögin. Það verður greitt atkvæði um þessa lagabreytingu á ársþingi TSÍ.

7) Önnur mál.

Helgi mun afla allra upplýsinga sem þarf frá ÍSÍ um þá styrki sem við getum sótt um, fyrir hvaða aldurshópa, hve marga o.s.frv. Þegar allar upplýsingar liggja fyrir þarf stjórn svo að ákveða fyrir hverja á að sækja um.

Samþykkt var að 150.000 kr sem var ráðstafaður í sambönd við útlönd sem Jónas tók að sér verði settur í að styrkja unga tennisspilara 20 ára og yngri að keppa á mótum erlendis á vegum viðurkenndra tennissambanda. TSÍ mun gefa út tilkynningu á heimasíðu TSÍ og í Tennishöllinni um að leikmenn yngri en 20 ára fái 10.000 kr styrk frá TSÍ fyrir hvert mót sem þeir keppa á vegum viðurkennds tennissambands í sumar. Leikmenn munu þurfa að sýna fram á það áður en styrkurinn er greiddur út.

Kveðja,

Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ